



Greinargerð vegna athugasemda við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla

1. Auglýst skipulagstillaga

Sótt er um breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla lóð 4 við Smiðjuvelli.

Breyting tekur til eftirfarandi:

Stækkunar iðnaðarhúss, nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 0,5 í 0,52.

Byggingarreitur er stækkaður um 3.8m².

Hámarkshæð húss verður allt að 7,8m.

Skilmálum um bifreiðarstæði breytt þ.e. fer úr 1 stæði á hverja 50m² í 1 stæði á hverja 80m².

Gildandi deiliskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar 1997
Ein athugasemd barst innan tilskilins auglýsingartíma.

2. Kynningarferli

Skipulags og umhverfisráð samþykkti grenndarkynningu á erindinu 25.07.2022 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt var fyrir smiðjuvöllum 2, Esjubraut 49, Hagaföt 11, Innesvegi 1, Dalbraut 16, Skarðsbraut 17-19 og Þjóðbraut 13 og 13A.

Grenndarkynnt var frá 3. Ágúst til og með 2. September 2022.

3. Athugasemd við breytingu deiliskipulags

1. Hagaföt 11

Athugasemd var gerð af ofangreindum lóðarhafa, þar er gerð athugasemd við gáma á lóðarmörkum bæði vegna fjarlægðar frá lóðarmörkum, hávaða, ammoníakslyktar og staðsetningu vegna íbúðabyggðar í næsta nágrenni. Lóðarhafi mótmælir hæð á skemmu. Athugasemd er gerð við staðsetningu viðbyggingar „þessi bygging mætti koma alveg í hinum endanum, þar sem þeir hafa keypt lóð hjá Véls. Ólafs G. þar er pláss.“

Svar við athugasemd:

Gámar á lóð 4 á smiðjuvöllum falla ekki undir þessa grenndarkynningu þar sem um er að ræða stöðuleyfi á þeim. Lóðarhafi á Smiðjuvöllum 4 hefur gilt stöðuleyfi útgefið af byggingarfulltrúa til 1 árs.

Viðbygging sem sótt er um er með mænishæð 7.8m. Í núverandi skipulagi er talað um að byggingar megi vera 2 hæðir. Hæð viðbyggingar er talin vera í takt við nærliggjandi byggð.

Akranesi 10.10.2022

Greinargerð þessi var samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisráðs
17.10.2022

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Halla Marta Árnadóttir
skipulagsfulltrúi